Á fundi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar sem haldinn var mánudaginn 11. desember 2017, var eftirfarandi bókað:

Tilnefning til vígslubiskups í Skálholti fór fram dagana 23. – 28. ágúst sl., en rétt til að tilnefna höfðu þeir vígðu menn eingöngu, sem kosningarréttar nutu, sbr. 10. gr. starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskups nr. 333/2017.

Bæði vígðir menn og leikmenn sem uppfylla skilyrði starfsreglnanna hafa rétt til að kjósa vígslubiskup. Kjörmenn prestakalla, sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum, sem tilheyra prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í, eru stærsti hluti þeirra leikmanna sem hafa rétt til að kjósa vígslubiskup, sbr. 4. gr. starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskups nr. 333/2017. Í starfsreglunum er skýrt kveðið á um það að kjörskrá skuli vera tilbúin og lögð fram tveimur vikum áður en tilnefning hefst og að viðmið kosningarréttar skuli uppfyllt þremur vikum áður en tilnefningin hefst. Var kjörskráin lög fram hinn 9. ágúst sl., en viðmiðunardagur hennar var 2. ágúst sl.

Kosning til vígslubiskups í Skálholti fór síðan fram dagana 28. september til 9. október sl. á grundvelli þeirrar kjörskrár sem hafði verið lögð fram hinn 9. ágúst sl. Enginn þeirra þriggja sem í framboði voru fengu meiri hluta greiddra atkvæða og því skyldi kjósa aftur á milli tveggja efstu. Þegar undirbúningur fyrir seinni umferð kosninganna stóð yfir barst kjörstjórn bréf frá sviðsstjóra lögfræðisviðs biskupsstofu, dags. 30. október sl., eins og rakið er í bókun kjörstjórnar á fundi hinn 31. október sl. Bréfið gaf tilefni til þess að kanna hvort val kjörmanna í sóknum landsins hefði farið fram með fullnægjandi hætti.

Ákvað kjörstjórn á fundi sínum hinn 31. október sl., að fresta síðari umferð kosninganna og fól starfsmönnum biskupsstofu að kanna hvernig staðið hefði verið að vali kjörmanna. Að þeirri könnun lokinni myndi kjörstjórn taka ákvörðun um framhald málsins. Í kjölfarið óskaði biskupsstofa eftir upplýsingum um val kjörmanna, bæði frá prófastum og formönnum sóknarnefnda í Skálholtsumdæmi.

Á kjörskrá við kosningu vígslubiskups í Skálholti, sem lögð var fram á fundi kjörstjórnar hinn 9. ágúst 2017, voru tekin nöfn allra þeirra einstaklinga sem tilkynntir höfðu verið til biskupsstofu sem kjörmenn á grundvelli fyrrgreindrar 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta og sem taldir voru uppfylla skilyrði starfsreglnanna. Á kjörskrá voru samtals nöfn 979 einstaklinga bæði vígðra manna og leikmanna. Einungis vígðir menn tóku þátt í tilnefningunni en hvort tveggja vígðir menn og leikmenn í kosningunni sem fór fram dagana 28. september til 9. október sl.

Í Skálholtsumdæmi eru 164 sóknir. Nú hefur athugun biskupsstofu og formanns kjörstjórnar leitt í ljós að í a.m.k. 41 sókn í Skálholtsumdæmi hafi val á kjörmönnum ekki verið í samræmi við starfsreglur. Þá hafa upplýsingar um val kjörmanna ekki borist frá 23 sóknum auk þess sem enn vantar tilteknar upplýsingar frá nokkrum sóknum.

Ef einungis er miðað við þær 41 sókn sem nú liggur fyrir með óyggjandi hætti að val kjörmanna hafi verið ábótavant, er ljóst að 105 einstaklingar hafa ranglega verið teknir á kjörskrá. Telja verður afar líklegt að þessi fjöldi eigi eftir að hækka þegar allar upplýsingar frá sóknunum liggja fyrir.

Með vísan til framangreinds er ljóst að verulegir annmarkar hafi að þessu leyti verið á kjörskrá við kosningu vígslubiskups í Skálholti sem fram fór dagana 28. september til 9. október sl., sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, og er ekki hjá því komist að ógilda kosninguna.

Kjörstjórn telur að henni sé heimilt að leiðrétta augljósar villur í kjörskrá svo sem að taka út nöfn þeirra sem ekki uppfylla skilyrði þess að vera á skránni, hafi þeir t.d. verið teknir á kjörskrá vegna mistaka. Henni er hins vegar einungis heimilt að taka á kjörskrá nöfn þeirra sem uppfylltu skilyrðin þann 2. ágúst sl. en það var viðmiðunardagur kjörskrár. Því er ljóst að þótt þær sóknir, þar sem val kjörmanna var ekki í samræmi við starfsreglur, brygðust við og kysu að nýju í samræmi við starfsreglur, þá hefði kjörstjórn ekki heimild til þess að taka nöfn hinna nýju kjörmanna á kjörskrá, þar sem viðmiðunardagur kjörskrár er löngu liðinn, eins og fyrr segir. Valdheimild kjörstjórnar, skv. starfsreglunum, stendur ekki til þess að færa viðmiðunardag kjörskrár aftur fyrir tilnefninguna sem þegar hefur átt sér stað.

Ef niðurstaðan yrði sú að endurtaka kosninguna, þá yrði eins og áður segir að taka nöfn allra þeirra kjörmanna sem ekki hafi verið valdir á fullnægjandi hátt af kjörskránni en ekki er heimilt að taka nöfn nýrra kjörmanna á kjörskrá, þar sem viðmiðunardagur kjörskrár er löngu liðinn, sbr. það sem að framan er rakið. Því er ljóst að þótt kosningin yrði endurtekin þá myndi engu að síður kjörmenn a.m.k. í 41 sókn í Skálholtsumdæmi ekki eiga kosningarrétt við vígslubiskupskjörið. Slíkt er ekki í anda þess lýðræðis sem ætlunin var að ná fram með því að stækka hóp leikmanna við kjör vígslubiskups þannig að kjörmenn sókna fengu kosningarrétt. Þá verður að telja að það sé hvorki til þess að vekja traust á framkvæmd kosninganna né niðurstöðum þeirra að byggja á kjörskrá sem vitað er að hefur að geyma nöfn sem þar ættu ekki að vera.

Að öllu framangreindu virtu, er það niðurstaða kjörstjórnar að ekki sé hjá því komist að ógilda einnig tilnefninguna sem fram fór dagana 23. – 28. ágúst sl. Er það óhjákvæmilegt svo unnt sé að semja nýja kjörskrá og gefa sóknum þar sem annmarkar voru á vali kjörmanna tækifæri til að bæta úr.

Það er því ákvörðun kjörstjórnar að endurtaka beri tilnefningu til vígslubiskups í Skálholti og kosningu í kjölfar tilnefningarinnar, enda forsendur brostnar fyrir framhaldi kosninganna með óbreyttri kjörskrá.

Það er tillaga kjörstjórnar að ný tilnefning hefjist hinn 2. febrúar nk. Kjörskrá verði lögð fram hinn 19. janúar nk., viðmiðunardagur kjörskrár verði 12. janúar 2018 og kosning hefjist 9. mars og standi til 21. mars 2018.

Formanni er falið að kynna framangreinda niðurstöðu fyrir biskupi Íslands, kirkjuráði og þeim þremur prestum sem í framboði voru til vígslubiskups í Skálholti í október sl. Þá er ákvörðun kjörstjórnar um það hvernær ný kosning skuli hefjast háð samþykki kirkjuráðs, sbr. 2. mgr. 7. gr. stafsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskups nr. 333/2017.

Formanni er jafnframt falið að sjá til þess að niðurstaða kjörstjórnar sé kynnt á vef þjóðkirkjunnar og auglýst í fjölmiðlum.

Kjörstjórn hvetur þær sóknir þar sem val kjörmanna er ábótavant að bæta sem fyrst úr, en viðmiðunardagur kjörskrár mun verða 12. janúar 2018. Kjörstjórn ítrekar mikilvægi þess að farið sé að reglum um val kjörmanna en einungis þeir kjörmenn sem valdir eru samkvæmt starfsreglunum verða teknir á kjörskrá.

Allir kjörstjórnarmenn samþykktu framangreint.

Staðfest
Þjóðmis Skúlason
formaður.